# SAMSTARFSSAMNINGUR

## FJÁRMÁL

Verði af sameiningunni er áætlað að sveitarfélögin fái um 548 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Framlagið mun auka fjárfestingagetu í sameinuðu sveitarfélagi. Tekjur sameinaðs sveitarfélags verða hærri en samanlagðar tekjur sveitarfélaganna í dag, þar sem árleg Jöfnunarframlög hækka að auki um rúmar 6 m.kr.

Sveitarfélögin eiga í miklu samstarfi þar sem Langanesbyggð sinnir meginþorra þjónustu við íbúa Svalbarðshrepps. Um 83% af útgjöldum Svalbarðshrepps árið 2020 runnu til samstarfssamninga.

Sameinað sveitarfélag verður fjárhagslega sjálfbært og mun standast allar meginreglur um fjármál sveitarfélaga.

